

T.ark  
Halldór Eiríksson  
Brautarholti 6  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. nóvember 2014  
Tilvísun: UST20141000215/bs


### Fjarðaál; Byggingaleyfisumsókn vegna LPG gastanka - umsögn


Vísað er til bréfs Halldórs Eiríkssonar dags. 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreina byggingaleyfisumsókn.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir gögn málsins og telur stofnunin að um sé að ræða rekstur sem er starfsleyfisskyldur hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd skv. ákvæði um gasbirgðastöðvar í 9. tölulið í fylgiskjali 2 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda byggingaleyfisumsókn.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur